

Skilmálar nr. 359

Hópslysáttrygging Félags lykilmanna (FLM) greiðir örorkubætur vegna varanlegrar færniskerðingar váttryggðs af völdum slyss. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingarsamningur, skilmálar þessir og almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Váttryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmanna.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Valdi slyss váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slyssdegi greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var á slyssdegi. Með orðinu „slyss“ er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- Slyss sé bótaréttur vegna þess fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatriggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slyssatryggingu ökumanns og eiganda. Sama gildir eigi váttryggður rétt til bóta skv. reglum um tjón af völdum óþekktra og óváttryggðra ökutækja.
- Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss sem rekja má til neyslu áfengis, deyfi- eða eiturlyfja nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.
- Slyss sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slyss sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slyss sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafirvalda.
- Slysa sem urðu áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggði gekk inn í Félag lykilmanna.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæð örorkubóta reiknast á grundvelli gildandi váttryggingarfjárhæðar á slyssdegi en breytist með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags. Bætur greiðast í hlutfalli við metna varanlega örorku.

Hafi váttryggður fengið greiddar bætur úr hópsjúkdómatryggingu FLM vegna sama slyss eða eigi rétt til slíkra bóta skulu bætur úr váttryggingunni lækka sem nemur helmingi af bótum sjúkdómatryggingarinnar.

5. gr. Mat á örorku og tímafrestir

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slyssdegi með hliðsjón af ástandi váttryggðs þá. Telji váttryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slyssdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand váttryggðs kunnri að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggðs megi bæta með lækni meðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að

gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Ef váttryggður deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá slysdegi greiðast engar örorkubætur.

Vilji váttryggður eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

6. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er einstaklingsbundin og reiknast út frá þeim launum sem váttryggður greiðir iðgjald af, samkvæmt nánari reglum í hóptryggingarsamningi. Váttryggingarfjárhæðir eru aðgengilegar váttryggðum á vefsíðu Félags lykilmanna.

7. gr. Sérregla um uppsögn váttryggingarverndar

Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingunni gagnvart váttryggingartaka eða einstökum váttryggðum þátttakanda í þeim tilvikum sem greinir í 7. gr. almennra skilmála félagsins eða endurnýja hana ekki. Ef til uppsagnar kemur gagnvart einstökum þátttakanda skal váttryggingartaki tilkynna honum sannanlega um niðurfellingu váttryggingarverndar í samræmi við nánari fyrirmæli félagsins. Félaginu er jafnframt heimilt að senda slíka tilkynningu til þátttakanda svo jafngilt sé, enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.

8. gr. Aldursmörk

Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára og fellur niður í lok þess váttryggingartímabils sem váttryggður nær 66 ára aldri.

Skilmálar þessir gilda frá 1. nóvember 2024.